

Níundi fundur nefndar. Haldinn í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, Skuggasundi 1, dags. 5.02.2019. Fundur hófst kl. 11:30.

**Fundinn sátu:** Líneik Anna Sævarsdóttir, Margrét Hallgrímsdóttir, Vilhjálmur Árnason, Óli Halldórsson, Dagbjört Jónsdóttir, Steinar Kaldal.

**Forföll boðuðu:** Hanna Katrín Friðriksson, Albertína Friðbjörg Elíasdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Halldóra Mogensen, Valtýr Valtýsson, Bergþór Ólason.

**Fundagerð ritaði:** Steinar Kaldal, verkefnisstjóri.

## **Þetta gerðist:**

### **1. Nýafstaðnir fundir með sveitarfélögum:**

#### **Umræður um fundina.**

Formaður og verkefnisstjóri drógu saman niðurstöður umræðna á vinnufundum með sveitarfélögunum í janúar. Um var að ræða átta fundi með fulltrúum allra sveitarfélaga (21 alls) sem eiga mörk að miðhálandinu. Á fundunum var umræðuefni skipt í þrjú viðfangsefni: 1. Almenna hagsmuni 2. Innviði og gáttir 3. Mörk þjóðgarðs.

Á fundunum komu eftirfarandi megináherslumál fram hjá sveitarfélögum og hagsmunaaðilum:

- **Dreifstýring/vald heimamanna**

Dreifstýring er mikilvæg/skilyrði fyrir framgangi verkefnisins, þ.e. sveitarfélög haldi skipulagshlutverki og/eða að sveitastjórnarfulltrúar séu í svæðisráðum.

- **Samstarf við heimaaðila**

Mjög gott starf unnið af heimamönnum víða á svæðum miðhálandisins. Mikilvægt að styðja við þeirra starfsemi og virkja heimaaðila með tilkomu þjóðgarðs, mögulega með útfærðu samstarfi og/eða samningum.

- **Nytjaréttur á hálandinu**

Sterk áhersla kom fram á að nytjaréttur haldist óskertur, þ.e. beitarnýting, veiði. Einnig réttindi sem nú þegar eru tryggð í þjóðlendum, s.s. fyrir sveitarfélög. Sömuleiðis að tryggja þyrfti að umsvif og tekjur verði eftir í héraði, t.a.m. með atvinnustefnu.

- **Fjármögnun þjóðgarðs**

Mikilvægt að fara ekki af stað ef verkefnið er ekki fjármagnað með fullnægjandi hætti (innviðir, sýnileiki þjóðgarðsins, upplýsingagjöf)

- **Aðgengi, almannaréttur**

Gætt verði að almannarétti til aðgengis um hálendið með stofnun þjóðgarðs til útivistar, s.s. göngu, aksturs um slóða og á snjó og hestaferða.

- **Samgöngur um hálendi**

Nauðsynlegt að hafa í huga mikilvægi samgangna og leggja ekki út frá því að þjóðgarður hindri vegabætur á meginleiðum. Hvaða áhrif hefur stofnun þjóðgarðs á þau mál?

- **Mörk þjóðgarðs**

Óraunhæft að draga mörk þjóðgarðs við hálendislínu, sbr. fjöldi jarða í einkaeign innan línunnar. Vænlegra að horfa til þjóðlendna og/eða þegar friðlýstra svæða innan hálendisins eða við hálendismörk.

Fjölmörg önnur málefni komu fram á fyrrgreindum fundum og eru þau tilgreind í minnisblöðum fyrir hvern og einn umræddra funda. Nefndin fór yfir þessar upplýsingar og ræddi. Nefnd telur mikilvægt að þessi mál verði öll skoðuð mjög vel. Auk þess þurfi að skerpa á markmiðum með stofnun þjóðgarðs og mikilvægi öryggismála innan mögulegs þjóðgarðs, þar sem bæði þessi málefni hefðu komið fram á fyrrnefndum fundum. Fram kom að gott væri að nefndin hefði frumkvæði að því að bjóða upp á þemafund þar sem fulltrúar nefndar ætti samráð við björgunarsveitir, lögreglu, Vegagerðarinnar, Veðurstofu og hlutaðeigandi slökkvilið varðandi öryggismál á miðhálendinu.

Nefnd ræddi hvernig best væri að vinna frekar úr fundunum með sveitarfélögunum. Mikilvægt væri að sveitarfélögin héldu umræðu áfram heima í héraði í ljósi þess að nefnd þurfi að vinna verkefni inn í samráðsgáttina á næstu vikum.

Lögð voru fram drög að bréfi til sveitarfélaga sem nefndi samþykkti með þeim viðbótum við að skýrt kæmi fram í bréfi að óskað væri eftir að sveitarfélög tækju umræðu um málið og kæmu athugasemdum sínum til verkefnisstjóra verkefnisins. Í bréfi þyrfti að koma fram að nefndin stefndi að því að setja tillögur í samráðsgáttina um miðjan mars og ef sveitarfélög vildu bregðast við áður þá gætu þau sent sínar athugasemdir inn. Einnig væri hægt að gera það í kjölfar þess að tillögur kæmu inn í samráðsgáttina. Einnig var bent á að gott væri ef sveitarfélögin gætu séð fundarpunkta allra fundanna.

Ákveðið var að formaður f.h. nefndar myndi senda sveitarfélögunum fundarpunkta ásamt umræddu inngangsbréfi.

Ákvörðun var tekin um að þegar bréf og fundarpunktar verða send sveitarfélögunum fylgi upplýsingar þess efnis að fundarpunktar allra fundanna verði birtir á opinni síðu nefndar [www.stjornarradid.is/midhalendid](http://www.stjornarradid.is/midhalendid) einni viku frá sendingu bréfs og fundarpunkta til sveitarfélaga.

Ákveðið að stefna að því að fyrstu tillögur nefndar um mörk þjóðgarðs og innviði/gáttir verði tilbúnar til kynningar í samráðsgátt síðari hluta marsmánaðar. Verkefnastjóra falið að hefja vinnu við drög að slíkum tillögum á grunni þeirrar umræðu sem fram fór á fundinum og efnisatriða sem fram hafa komið við samráðsvinnu síðustu vikna. Þetta verði lagt fyrir næsta fund til umfjöllunar og yfirferðar. Við vinnuna verði unnið út frá því að frekari viðbrögð og sjónarmið eigi eftir að koma frá sveitarfélögum og fleiri aðilum á næstu vikum, áður en tillögur verði birtar á samráðsgátt.

## 2. Úrvinnsla umsagna fyrstu tveggja verkefna nefndar:

Verkefnisstjóri sagði lauslega frá umsögnum sem hefðu borist vegna fyrstu tveggja verkefna nefndar. Hann vinnur nú að því að taka saman umsagnirnar fyrir nefndarfólk.

Varðandi úrvinnslu umsagna lagði verkefnisstjóri til að almennt yrði ferlið varðandi umsagnir eftirfarandi:

- Starfsmaður tekur saman umsagnir fyrir nefnd.
- Athugasemdir teknar inn í texta lokaskýrslu þar sem nefnd telur þörf á og öðrum athugasemdum svarað í lok hvers kafla í lokaskýrslu (mat nefndar).  
Sú skýrsla fer einnig í samráðsgátt til umsagnar.
- Auk þess að gera lokaathugasemdir, geta umsagnaraðilar séð þar hvernig brugðist var við fyrri athugasemdum.

Ákvörðun var tekin um að fylgja umræddu ferli við úrvinnslu umsagna.

**Fleiri gerðist ekki og var fundi slitið 12:50.**